



USK25010025

Afgreiðslufundur samgöngustjóra samkvæmt 3. gr. viðauka 2.5 um embættisafgreiðslur samgöngustjóra við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar.

Ár 2025, mánudaginn 10. febrúar. 15.00 kl. hélt samgöngustjóri Reykjavíkurborgar 33. afgreiðslufund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn í Borgartúni 12-14, 2. hæð, Hamrar. Fundinn sátu: Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir, Bjarni Rúnar Ingvarsson. Fundarritari var Björg Ósk Gunnarsdóttir

Þetta gerðist:

1. Barónsstígur 25 – sérmerkt stæði fyrir hreyfihamlaða

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði fyrir umferð:

- Að eitt bifreiðastæði við Barónsstíg 25 verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða.

Ofangreind ráðstöfun verði merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra.

Samþykkt

2. Garðastræti 41 og Bríetartún 1 – sérmerkt stæði

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði um umferð:

- Að eitt bifreiðastæði við Garðastræti 41 verði merkt sem stæði eingöngu fyrir kínverska sendiráðið.
- Að annað af tveimur bifreiðastæðum sem í dag eru merkt kínverska sendiráðinu í Bríetartúni verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða.

Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra.

Samþykkt

Fundi slitið kl. 15.20
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir

Bjarni Rúnar Ingvarsson



Reykjavík



Viðtakandi: Samgöngustjóri
Sendandi: Deild samgangna

Reykjavík, 4. febrúar 2025
USK25010001

TILLAGA

Barónsstígur 25 – sérmerkt stæði fyrir hreyfihamlaða.

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði fyrir umferð:

- Að eitt bifreiðastæði við Barónsstíg 25 verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða.

Ofangreind ráðstöfun verði merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra.

Greinargerð:

Lagt er til að eitt bifreiðastæði við Barónsstíg við lóð nr. 25 verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða. Takmarkað er um bifreiðastæði sem sérstaklega eru merkt fyrir hreyfihamlaða þrátt fyrir að í grenndinni séu nokkrar verslanir og önnur fyrirtæki. Stæði fyrir hreyfihamlaða á þessum stað myndi því m.a. bæta aðgengi hreyfihamlaðra að umræddum fyrirtækjum, sem og nýtast íbúum eða gestum þeirra í næsta nágrenni.

Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hefur tillagan verið borin undir og hlotið samþykki af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Virðingarfyllst,
Bjarni Rúnar Ingvarsson
Deildarstjóri samgangna

Hjálagt: Yfirlitsmynd með fyrirhugaðri staðsetningu stæðisins. Nánari útfærsla fer eftir aðstæðum.



Yfirlitsmynd með fyrirhugaðri staðsetningu stæðisins. Nánari útfærsla fer eftir aðstæðum.



RE_ Sérákvæði - Barónsstígur 25-stæði fyrir hreyfihamlaða einstaklinga

Búið til	5.2.2025 09:48:13
Höfundur	Björg Ósk Gunnarsdóttir
Móttekið dags.	5.2.2025 09:46:30
Tilheyrir	USK25010001 - Sérákvæði um notkun vega 2025

Efni

RE_ Sérákvæði - Barónsstígur 25-stæði fyrir hreyfihamlaða einstaklinga

Upplýsingar

Vinnsla

Móttekið dags.	5.2.2025 09:46:30	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Málalykill	09.07.00 Samgöngu- og umferðamál – almennt efni		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Guðbrandur Sigurðsson (gudbrandur.sigurdsson@lrh.is)
Til	Bjorg.Osk.Gunnarsdottir@reykjavik.is, arni.fridleifsson@lrh.is, lrh@lrh.is
Cc	Bjarni.Runar.Ingvarsson@reykjavik.is, Gudbjorg.Lilja.Erlendsdottir@reykjavik.is

Innihald

Sæl Björg.

Erindið er samþykkt án athugasemda.

Einhver villa var í LRH netfanginu hjá þér sem ég lagaði í svari mínu.

Guðbrandur Sigurðsson

Aðstoðaryfirlögregluþjónn

Umferðardeild

guðbrandur.sigurdsson@lrh.is



[UM ÁBYRGÐ Á TÖLVUPÓSTI](#)

Lögrelustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

Hverfisgötu 113-115


105 Reykjavík

lrh@lrh.is

[4441000](tel:4441000)



TRAUST – FAGMENNSKA – ÖRYGGI

 **Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing**

From: Björg Ósk Gunnarsdóttir <Bjorg.Osk.Gunnarsdottir@reykjavik.is>

Sent: 04.02.2025 15:07

To: Guðbrandur Sigurðsson <guðbrandur.sigurdsson@lrh.is>; Árni

Friðleifsson <arni.fridleifsson@lrh.is>; lrh@lrh.is

Subject: FS: Sérákvæði - Barónsstígur 25-stæði fyrir hreyfihamlaða einstaklinga

Frá: Björg Ósk Gunnarsdóttir

Sent: þriðjudagur, 4. febrúar 2025 15:00

Til: guðbrandur.sigurdsson@lrh.isx; arni.fridleifsson@lrh.isx; lrh@lrh.isx

Afrit: Bjarni Rúnar Ingvarsson <Bjarni.Runar.Ingvarsson@reykjavik.is>;

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir <Guðbjörg.Lilja.Erlendsdottir@reykjavik.is>

Efni: Sérákvæði - Barónsstígur 25-stæði fyrir hreyfihamlaða einstaklinga

Góðan daginn

Reykjavíkurborg óskar eftir samþykki lögreglunnar á meðfylgjandi sérákvæði um umferð.

Kv.



Björg Ósk Gunnarsdóttir

Sérfræðingur

Sími: +354 411 1111

Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar

Borgartúni 12–14

105 Reykjavík

Reglur um trúnað í
tölvupóstsamskiptum: www.reykjavik.is/trunadur





Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð
Sendandi: Deild samgangna

Reykjavík, 07. janúar 2025
USK25010001

TILLAGA

Garðastræti 41 og Bríetartún 1 – sérmerkt stæði

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði um umferð:

- Að eitt bifreiðastæði við Garðastræti 41 verði merkt sem stæði eingöngu fyrir kínverska sendiráðið.
- Að annað af tveimur bifreiðastæðum sem í dag eru merkt kínverska sendiráðinu í Bríetartúni verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða.

Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra.

Greinargerð:

Tillaga þessi er sett fram að beiðni kínverska sendiráðsins. Í reglum Reykjavíkurborgar um sérmerkt bílastæði erlendra sendiráða segir í 3. gr. að hverju sendiráði skal að jafnaði úthlutað tveimur sérmerktum bílastæðum. Samkvæmt sömu grein er heimilt að óska eftir því að annað þeirra verði við bústað sendiherra eða við aðrar skrifstofur sendiráðsins. Í dag er sendiráð Kína með tvö sérmerkt stæði í Bríetartúni. Samhliða uppsetningu sérmerks stæði við Garðastræti verður því eitt stæði í Bríetartúni fjarlæggt í samræmi við reglur um sérmerkt bílastæði erlendra sendiráða og þess í stað merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða.

Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hefur tillagan verið borin undir og hlotið samþykki af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Virðingarfyllst,
Bjarni Rúnar Ingvarsson
deildarstjóri samgangna

Hjálagt: Yfirlitsmynd merkt með fyrirhugaðri staðsetningu stæði kínverska sendiráðsins í Garðastræti, nánari útfærsla fer eftir aðstæðum.


Hjálagt: Yfirlitsmynd merkt með fyrirhugaðri staðsetningu stæðis fyrir hreyfihamlaða í Bríetartúni, sem kemur í stað stæðis fyrir kínverska sendiráðsins.

Hjálagt: Samskipti við kínverska sendiráðið varðandi ósk um færslu ein bílastæðis.


Hjálagt: Reglur um sérmerkt bílastæði erlendra sendiráða, samþykktar í borgarráði 2. september 2021



Reykjavík



Yfirlitsmynd merkt með fyrirhugaðri staðsetningu stæði kínverska sendiráðsins í Garðastræti, nánari útfærsla fer eftir aðstæðum.



Yfirlitsmynd merkt með fyrirhugaðri staðsetningu stæðis fyrir hreyfihamlaða í Bríetartúni, sem kemur í stað stæðis fyrir kínverska sendiráðsins.



RE_ Garðastræti 41

Búið til	10.2.2025 12:07:03
Höfundur	Björg Ósk Gunnarsdóttir
Móttekið dags.	10.2.2025 11:30:33
Tilheyrir	USK25010001 - Sérákvæði um notkun vega 2025

Efni

RE_ Garðastræti 41

Upplýsingar

Vinnsla

Móttekið dags.	10.2.2025 11:30:33	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Málalykill	09.07.00 Samgöngu- og umferðamál – almennt efni		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Guðbrandur Sigurðsson (gudbrandur.sigurdsson@lrh.is)
Til	Bjarni.Runar.Ingvarsson@reykjavik.is, lrh@lrh.is
Cc	Gudbjorg.Lilja.Erlendsdottir@reykjavik.is, arni.fridleifsson@lrh.is, Bjorg.Osk.Gunnarsdottir@reykjavik.is

Innihald

Sæll Bjarni.

Móttekið takk.

Við samþykkjum erindið án athugasemda.

Guðbrandur Sigurðsson

Aðstoðaryfirlögregluþjónn

Umferðardeild

guðbrandur.sigurdsson@lrh.is



[UM ÁBYRGÐ Á TÖLVUPÓSTI](#)

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

Hverfisgötu 113-115


105 Reykjavík

lrh@lrh.is

[4441000](tel:4441000)



TRAUST – FAGMENNSKA – ÖRYGGI

 **Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing**

From: Bjarni Rúnar Ingvarsson <Bjarni.Runar.Ingvarsson@reykjavik.is>

Sent: 10.02.2025 11:25

To: Guðbrandur Sigurðsson <guðbrandur.sigurdsson@lrh.is>; LRH:Fyrirspurnir <lrh@lrh.is>

Cc: Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir <Gudbjorg.Lilja.Erlendsdottir@reykjavik.is>; Árni Friðleifsson <arni.fridleifsson@lrh.is>; Björg Ósk Gunnarsdóttir <Bjorg.Osk.Gunnarsdottir@reykjavik.is>

Subject: RE: Garðastræti 41

Sæll Guðbrandur,

Tillagan um að færa annað af sérmerktu stæðum sendiráðsins koma frá sendiráðinu sjálfu, en við Garðastræti 41 er bústaður sendiherra. Sem hluti af gögnum sem við sendum til samþykkis eru samskipti sendiráðsins við utanríkisráðuneytið, sem kom óskinni áfram til okkar. Samkvæmt reglum um sérmerkt bílastæði erlendra sendiráða getur hvert sendiráð óskað eftir úthlutun á allt að 2 sérmerktum bílastæðum, og er ákvörðun um útfærslu í þeirra höndum, þ.e. hvort þau vilji staðsetja þau bæði við sendiráð eða dreifa þeim milli sendiráðs og bústaðar sendiherra.

Það að gert sé stæði fyrir hreyfihamlaða í Bríetartúni í stað þess stæðis sem í dag er stæði fyrir sendiráðið er ákvörðun Reykjavíkur og er óviðkomandi sendiráðinu sjálfu. Við teljum að stæði fyrir hreyfihamlaða á þessu svæði auki aðgengi þeirra sem eiga erfitt

með gang og gagnist nærumhverfinu. Í næsta nágrenni eru þónokkur almenn bílastæði, t.a.m. í Guðrúnartúni.

M.b.k.,



Bjarni Rúnar Ingvarsson

Deildarstjóri samgangna

Sími: +354 411 1111

Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar

Borgartúni 12–14

105 Reykjavík

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: www.reykjavik.is/trunadur



Regnbogavottun

From: Guðbrandur Sigurðsson <gudbrandur.sigurdsson@lrh.is>
Sent: 10. februar 2025 09:26
To: Björg Ósk Gunnarsdóttir <Bjorg.Osk.Gunnarsdottir@reykjavik.is>;
LRH:Fyrirspurnir <lrh@lrh.is>
Cc: Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir <gudbjorg.lilja.erlendsdottir@reykjavik.is>;
Bjarni Rúnar Ingvarsson <Bjarni.Runar.Ingvarsson@reykjavik.is>;
arni.fridleifsson <arni.fridleifsson@lrh.is>
Subject: FW: Garðastræti 41

Sæl Björg.

Er Kínverska sendiráðið bæði við Bríetartún og Garðastræti?

Ef að á að taka þegar merkt stæði af Kínverska sendiráðinu við Bríetartún og breyta í stæði fyrir hreyfihamlaða er það þá gert í samráði við sendiráðið?

„Lagt er til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki eftirfarandi sérákvæði um umferð:

- Að eitt bifreiðastæði við **Garðastræti 41** verði merkt sem stæði eingöngu fyrir **kínverska sendiráðið**.
- Að annað af tveimur bifreiðastæðum sem í dag eru **merkt kínverska sendiráðinu í Bríetartúni** verði merkt sem stæði fyrir **hreyfihamlaða** einstaklinga.

Guðbrandur Sigurðsson

Aðstoðaryfirlögregluþjónn

Umferðardeild

guðbrandur.sigurdsson@lrh.is

Lögreglustjórinn á

höfuðborgarsvæðinu

Hverfisgötu 113-115

105 Reykjavík

lrh@lrh.is

[4441000](tel:4441000)



[UM ÁBYRGÐ Á TÖLVUPÓSTI](#)

TRAUST – FAGMENNSKA – ÖRYGGI

 **Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing**

From: Björg Ósk Gunnarsdóttir <Bjorg.Osk.Gunnarsdottir@reykjavik.is>

Sent: 07.02.2025 12:44

To: Guðbrandur Sigurðsson <guðbrandur.sigurdsson@lrh.is>; lrh@lrh.is; Árni Friðleifsson <arni.fridleifsson@lrh.is>

Cc: Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir <Gudbjorg.Lilja.Erlendsdottir@reykjavik.is>;

Bjarni Rúnar Ingvarsson <Bjarni.Runar.Ingvarsson@reykjavik.is>

Subject: Garðastræti 41

Góðan daginn,

Reykjavíkurborg óskar eftir samþykki lögreglunnar á meðfylgjandi sérákvæði um umferð.

Kv.



Björg Ósk Gunnarsdóttir
Sérfræðingur

Sími: +354 411 1111

Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar
Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12–14
105 Reykjavík

Reglur um trúnað í

tölvupóstsamskiptum: www.reykjavik.is/trunadur



Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.



Skipulags- og samgönguráð
Borgartúni 12 – 14
105 Reykjavík

Reglur um sérmerkt bílastæði erlendra sendiráða.

Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar leggur til að skipulags- og samgönguráð samþykki meðfylgjandi reglur um sérmerkt bílastæði erlendra sendiráða. Þann 1. júlí sl. samþykkti skipulags- og samgönguráð fyrri tillögur skrifstofunnar að reglum um sérmerkt bílastæði erlendra sendiráða. Þann 11. ágúst sl. var málinu vísað aftur til meðferðar umhverfis- og skipulagssviðs með ákvörðun skrifstofu borgarstjórnar og voru reglurnar því ekki lagðar fyrir borgarráð til staðfestingar.

Umhverfis- og skipulagssvið hefur nú lokið endurtekinni meðferð málsins og fyrir liggja ný drög að reglum um sérmerkt bílastæði erlendra sendiráða. Ríkt samráð var haft við utanríkisráðuneytið við undirbúning málsins. Fulltrúar sviðsins funduðu m.a. með fulltrúa utanríkisráðuneytisins þann 28. ágúst sl. og í kjölfarið voru nokkur samskipti milli sviðsins og ráðuneytisins um efni reglanna, auk þess sem endanleg drög að reglunum voru send ráðuneytinu til umsagnar. Með tölvupósti dags. 9. október sl. veitti ráðuneytið samþykki sitt fyrir fyrirbyggjandi drögum.

Þau drög sem nú eru lögð fram, fela í sér talsverðar breytingar á orðalagi frá núgildandi reglum, til nánari skýringar á ákvæðum og til samræmis við aðrar samþykktir borgarinnar. Ekki er um að ræða verulegar breytingar frá núverandi framkvæmd en helstu breytingar í drögnum eru eftirfarandi:

1. Að erlend sendiráð geti sótt um sérmerkt bílastæði við ræðismannsskrifstofur en ekki við skrifstofur kjörræðismanna.

Breytingin er gerð í samráði við utanríkisráðuneytið og gerir m.a. ræðismannsskrifstofum Færeyja og Grænlands kleift að óska eftir sérmerktum bílastæðum, að öðrum skilyrðum uppfylltum. Óbreytt er frá gildandi reglum, að sérmerktum bílastæðum verður ekki úthlutað til skrifstofa kjörræðismanna.

2. Að gerðar verði lágmarkskröfur til upplýsinga í umsóknum frá erlendum sendiráðum og að utanríkisráðuneytið geti sótt um bílastæði fyrir hönd erlendra sendiráða.
3. Að sendiráðum verði ekki lengur heimilt að óska sérstaklega eftir fleiri en tveimur sérmerktum bílastæðum. Áfram verði miðað við núgildandi viðmið um úthlutun tveggja stæða til hvers sendiráðs.



4. Að í stað almennrar tilvísunar til „Miðborgar Reykjavíkur“, verði skilgreint nánar innan hvaða svæðis óheimilt sé að úthluta sérmerktum bílastæðum, með tilvísun í svæði M1a, M1b og M1c samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur.
5. Að úthlutun sérmerktra bílastæða til sendiráða gildi til fimm ára og verði endurmetin af hálfu borgarinnar að þeim tíma liðnum. Fjarlægt er ákvæði um reglulega endurskoðun úthlutunarreglna. Samkvæmt gildandi reglum bar að endurskoða bæði reglurnar sjálfar og úthlutun til sendiráða á fimm ára fresti.

Þorsteinn R. Hermannsson
samgöngustjóri

Hjálagt:

1. Reglur um sérmerkt bílastæði erlendra sendiráða.



REGLUR

UM SÉRMERKT BÍLASTÆÐI ERLENDRA SENDIRÁÐA

1. Sendiráð erlendra ríkja sem staðsett eru í Reykjavík geta sótt um að fá úthlutað sérmerktum bílastæðum utan eigin lóðarmarka á borgarlandi. Reglur þessar ná ekki til kjörræðismannsskrifstofa.
2. Umsóknir sendiráða eða utanríkisráðuneytisins fyrir hönd þeirra, um sérmerkt bílastæði skulu vera skriflegar og berast skipulags- og samgönguráði Reykjavíkurborgar. Í umsókninni skal koma fram:
 - a. Hvar óskað er eftir sérmerktum stæðum.
 - b. Hversu mörgum stæðum óskað er eftir.
 - c. Hvort um sé að ræða sendiráð, ræðismannsskrifstofu eða bústað sendiherra.
 - d. Hvort sendiráðið hafi þegar sérmerkt stæði í borgarlandi.
3. Að jafnaði mun skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur úthluta hverju sendiráði tveimur sérmerktum bílastæðum, þar sem því verður við komið með tilliti til aðstæðna á hverjum stað. Heimilt er að óska eftir því að annað þeirra verði við bústað sendiherra eða við aðrar skrifstofur sendiráðsins.
4. Ekki er heimilt að úthluta nýjum sérmerktum bílastæðum til sendiráða innan miðborgarsvæðis Reykjavíkur, þ.e. svæða M1a, M1b og M1c eins og þau eru skilgreind í Aðalskipulagi Reykjavíkur.
5. Ef samþykkt er úthlutun á sérmerktu bílastæði sendiráðs innan gjaldskylds svæðis, skal sendiráðið greiða gjald samkvæmt gjaldskrá Bílastæðasjóðs Reykjavíkur.
6. Sérmerktum bílastæðum til sendiráða er úthlutað til fimm ára í senn. Að þeim tíma liðnum skal úthlutunin endurmetin og sendiráði tilkynnt um breytingar, ef einhverjar eru.
7. Reglur þessar taka gildi við samþykkt borgarráðs og á sama tíma falla úr gildi reglur um úthlutun sérmerktra bílastæða fyrir sendiráð frá 7. júlí 2011.

Samþykkt á fundi skipulags- og samgönguráðs þann **XX.** nóvember 2020
og á fundi borgarráðs þann **XX.** nóvember 2020.



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Borgarráð Reykjavíkur

Tjarnargötu 11

101 Reykjavík

Reykjavík 30.08.2021

Hér með sendist útskrift úr gerðabók skipulags- og samgönguráðs frá 25. ágúst 2021 varðandi eftirfarandi mál.

Reglur um sérmerkt bílastæði erlendra sendiráða

Lögð fram tillaga skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, dags. 30. október 2020, að endurskoðuðum reglum um sérmerkt bílastæði erlendra sendiráða.

Leiðrétt bókun frá fundi 11. nóvember 2020:

Samþykkt.

Visað til borgarráðs.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Glóey Helgud. Finnsd.

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir

Fylgiskjal: tillaga skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, dags. 30. október 2020.